

Minnisblað

Til: Íþrótt- og tómstundanefndar
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 28. desember 2018
Mnr. 2018080049



ÍSAFJARÐARBÆR

Uppbyggingasamningar 2019 - samantekt umsókna

Á 186. fundi íþrótt- og tómstundanefndar voru lagðar fram beiðnir frá þremur íþróttafélögum um uppbyggingasamninga. Nefndin tók vel í beiðnirnar og lagði til við bærastjórn að samið yrði við félagin. Tillaga nefndarinnar var tekin fyrir á 422. fundi bærastjórnar, þann 19. september 2018, þar sem hún var samþykkt 9-0.

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 samþykkt í desember og þar var sú fjárhæð sem verið hefur í uppbyggingasamninga lækkuð úr tólf milljónum í sex milljónir. Nú þegar hefur þremur milljónum verið ráðstafað í þriggja ára samning við SFÍ en árið 2019 er það þriðja og síðasta. Þá átti hestamannafélagið Hending óafgreidda beiðni um uppbyggingasamning vegna ársins 2018 sem bærastjórn hefur nú vísað til sömu afgreiðslu og aðrar beiðnir um uppbyggingasamninga hafa farið í gegnum.

Taka þarf afstöðu til þess hvernig þeim þremur milljónum sem til skiptana eru verður ráðstafað. Beiðnir eru frá eftirtöldum félögum:

- GÍ óskar eftir kr. 3.000.000 til lagfæra brautir, flatir og teiga á brautum 3, 4 og 5. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á kr. 18.160.000.
- Hending óskar eftir uppbyggingasamning til 5-7 ára til að koma upp skeiðvelli. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á kr. 72 milljónir og er ósk félagsins að fyrsti samningurinn hljóði upp á kr. 7.200.000.
- SFÍ óskar eftir kr. 5.000.000 til þriggja ára til að fara í uppbyggingu á Seljalandsdal og er þar um að ræða aðkomu að svæðinu, ræsta flöt, endurbæta snjógirðingar og bæta lýsingu. Kostnaðaráætlun er kr. 10.309.000.
- SÍ óskar eftir samstarfi um uppbyggingu á innisvæði félagsins. Kostnaðaráætlun er upp á kr. 38.834.960 og gerir ráð fyrir kr. 12.576.160 stuðningi Ísafjarðarbæjar.

MH